

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 1255/2016, um ráðstöfunarfé og dagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna "8. og 9. mgr. 48. gr." í 1. málsl. kemur: 3. og 4. mgr. 38. gr.
- b. Í stað orðanna "1. mgr. 56. gr." í 2. málsl. kemur: 1. mgr. 39. gr.

2. gr.

Í stað orðanna "5. mgr. 48. gr." í 2. gr. reglugerðarinnar kemur: 1. mgr. 38. gr.

3. gr.

Í stað "4.488 kr." í 3. gr. reglugerðarinnar kemur: 4.600 kr.

4. gr.

Í stað orðanna "1. mgr. 56. gr." í 4. gr. reglugerðarinnar kemur: 1. mgr. 39. gr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað "1.108.872 kr." í 1. málsl. 1. mgr. kemur: 1.136.592 kr.
- b. Í stað orðanna "og falla greiðslur alveg niður við tekjur sem nema 1.705.957 kr. á ári" í 2. málsl. 1. mgr. kemur: uns greiðslur falla niður.
- c. Í stað orðanna "3. mgr. 16. gr." í 2. mgr. kemur: 22. gr.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 44. gr., sbr. 63. gr. og 11. tölul. ákvæðis til bráðabirgða við lög nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. einnig lög nr. 54/2023, öðlast gildi 1. júlí 2023. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1441/2022, um breytingu á reglugerð nr. 1255/2016, um ráðstöfunarfé og dagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, 29. júní 2023.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Jóna Guðný Eyjólfsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.